

Skúlagata 4  
Sjávarútvegshúsið



Austur





## HUGMYNDIN AÐ BAKI VERKINU, EFNISVAL OG ÚTFÆRSLA

Hugmyndin að verkinu er sótt í myndband á **YouTube: Trollið tekið**, en það er myndað af einum skipverja á Kleifabergi RE7, Ingimundi Loftssyni, og fannst mér myndin birta ágætlega þá ímynd sem lifir í huga mínum og tengist sjómennsku, miðaldra manns sem aldrei hefur starfað á sjó.

Einnig er þetta hugsað sem einhvers konar plakat (poster) fyrir vídeóíð og veggmyndin því um leið í einhvers konar samtali við þennan nútímalega og vinsæla miðil og myndheiminn þar.

Efnið í verkið er venjuleg akrýl útimálning.

Til einföldunar og um leið til að minnka kostnað yrði litunum í myndinni fækkað. Litirnir í bakgrunninum ættu ekki að verða mikið fleiri en átta en um 16 í litlu myndinni í miðju verksins.